

Ályktanir aðalfundar NAUST 7. september 2024



Orkumál

Líkt og á síðustu aðalfundum hvetur NAUST til almennrar umræðu um orkumál og áform um aukna orkuvinnslu á Austurlandi. Forsenda þess að ráðast í nýjar virkjanir er að fyrir liggja hver raunveruleg þörf sé samhliða mati á orkudreifingu og orkunýtingu. Það er óásættanlegt að fórná náttúruperlum og víðernum auk þess að raska viðkvæmu jafnvægi í umhverfinu án þess að brýna nauðsyn beri til.

Í þessu sambandi kallar aðalfundur NAUST 2024 eftir að endurskoðaðir verði allir áhrifaþættir svokallaðra „smávirkjana“ allt að 9,9 MW. Umhverfisáhrif og umfang virkjana innan þessa stærðarflokks eru afar breytileg eftir staðháttum. Því eru megavött ómarktækt viðmið. Náttúruverndarsamtök Austurlands gera kröfu um að allar nýjar virkjanir fari í umhverfismat og inn í rammaáætlun og að undanþágur verði aðeins veittar minniháttar virkjunum til heimilisnota og smærri atvinnurekstrar til sveita.

Enn fremur varar aðalfundur NAUST við stórtækum áformum um vindorkuver á starfssvæði félagsins. Vindorkuver spilla landslagi og hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og vistkerfi auk þess að valda sjón- og hávaðamengun. Umhverfisáhrif þeirra eru engan veginn afturkræf, enda felst mikið rask á landi í því að leggja vegi sem þola þungaflutninga vítt og breitt um heiðalönd, milli hveirrar undirstöðu vindtúrbínanna, sem í þarf þúsundir rúmmetra af steypu. Einnig telur NAUST að vinna þurfi lífsferilsgreiningu vindtúrbína. Vegna óstöðugleika vindorkuvera í orkuframleiðslu kalla þau einnig á enn meiri raforkuframleiðslu með vatni eða jarðhita, til jöfnunar.

Þótt aðalfundurinn setji ekki fram tæmandi lista á neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra virkjunaráforma sem eru nú á borðinu í fjórðungnum, ítrekar hann að á meðan ekki er til heildstæð stefna hvað varðar orkuframleiðslu og -nýtingu hér á landi, er hættu á því að fjársterkir einkaaðilar, oft erlendir, spilli náttúru landsins til þess eins að selja orkuna hæstbjóðanda. Slíkur iðnaður kemur orkuskiptum ekki við, heldur ýtir aðeins undir þá ofneyslu og sóun auðlinda sem hefur komið okkur í þá alvarlegu stöðu sem við erum í dag í umhverfismálum. **Þess vegna kallar aðalfundur NAUST 2024 eftir því að heildstæð stefna í bæði orkuframleiðslu og -nýtingu verði unnin fyrir Austurland og Ísland allt, áður en ráðist er í frekari óafturkræfar skemmdir á náttúrunni.**

Verndun Hraunasvæðisins

Á Hraunasvæðinu, hálendinu upp af syðstu fjörðum Austfjarða, er svokölluð Hamarsvirkjun fyrirhuguð, en nýlega kom fram afdráttarlaust álit verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar um að hún skyldi sett í verndarflokk. Aðalfundur NAUST 2024 fagnar þeirri niðurstöðu og tekur undir rökstuðning verkefnisstjórnar og faghópa. Hamarsvirkjun hefði í raun umturnað vatnasviði Hrauna og síðustu lítt snortnu víðernum hálendis Austurlands, en hið sama á við um áformaða Geitdalsvirkjun.

Náttúruverndarsamtök Austurlands fordæma því viðbrögð og aðför sveitarfélaga og sérhagsmunaafila að Hraunasvæðinu, sem nú krefjast þess að Hamarsvirkjun verði að veruleika, þvert á vel rökstutt álit rammaáætlunar. Þá er það ámælisvert að sveitarfélög á Austurlandi vilji fórna restinni af Hraunasvæðinu fyrir erlent orkufyrirtæki sem hyggur þar að auki á að selja orkuna öðru erlendu orkufyrirtæki sem fóðra á efnaverksmiðju sem spákaupmenn hafa sett á dagskrá í tilraunaskyni við þróun rafeldsneytis.

Í kjölfar þess álits sem sérfræðingar innan rammaáætlunar hafa nú sett fram er eðlilegt að taka til íhugunar að veita Hraunasvæðinu lagalega vernd. **Aðalfundur NAUST 2024 kallar því eftir friðlýsingu svæðisins og vísar í skýrslur faghópa rammaáætlunar, sem rökstyðja hátt verndargildi og lýsa alvarlegum umhverfisafleiðingum af fyrirhuguðum virkjunaráformum.** Mikilvægt og áriðandi er að veita þessum víðernum þá vernd sem þau þarfnast og leyfa þeim að vera og þróast á eigin forsendum til langrar framtíðar.

Laxeldi - Seyðisfjörður

Aðalfundur NAUST skorar á stjórnvöld að virða vilja meirihluta íbúa og falla frá áformum um laxeldi í Seyðisfirði í ljósi þeirra fjölmörgu raka sem komið hafa fram, m.a. annmarka á Strandsvæða- skipulagi Austfjarða, á grundvelli náttúruverndarsjónarmiða og vegna þeirrar hættu sem framkvæmdin setur Farice 1-strenginn og siglingaleiðir í firðinum í.

Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og votlendi

Á víðáttumiklu félagssvæði NAUST, skilgreindu í lögum samtakanna sem „Austurland frá Finnafirði að Lómagnúpi“ er aðeins eitt svæði meðal tillagna sem Umhverfisstofnun auglýsti í vor að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti). Í tillögunum er svæðið kennt við Húsey og Eyjasel. Innan þess rúmlega 450 ferkílómetra svæðis sem upphaflega var tilnefnt af Náttúrufræðistofnun fyrir framkvæmdaáætlunina eru stór votlend svæði sem eru á náttúruminjaskrá, auk þess sem svæðið í heild er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA). Sú tillaga sem var auglýst af Umhverfisstofnun er hins vegar skv. vinnukorti aðeins 62 ferkílómetrar.

Á sama tíma og NAUST fagnar því að umrætt svæði komi fram í auglýstri tillögu vilja samtökin áréttta að lagaleg staða votlendissvæða þurfi að endurspeгла virði og mikilvægi þeirra. Hér verður ekki tíunduð fjölbreytt vistkerfisþjónusta sem votlendi veita okkur og mörgum öðrum lífverum. **Aðalfundur NAUST 2024 hvetur því Umhverfisstofnun og stjórnvöld til þess að víkka út eins og kostur er mörkin sem hafa verið auglýst til þess að tryggja, ef til friðlýsingar kemur, að hún nái þeim markmiðum sem lýst er í náttúruverndarlögum.**